

From: "Ingólfur Bruun" <i@05.is>
Subject: **Í framhaldi af símtali vegna Fjarskiptafélags Örfæinga**
Date: November 17, 2008 12:17:01 PM GMT
To: dagnyg@vodafone.is
Cc: knutur@frostogfuni.is



Sæl Dagný,

Í framhaldi af símtali okkar þá mun ég mæta til þín kl. 14:00 á fimmtudaginn. Með mér verður Knútur Bruun en hann er búsettur í Örfæum og er í stjórn Fjarskiptafélags Örfæinga.

Það sem við ætlum að fá að ræða við þig er tenging og efnisveita inn á ljósleiðara í Örfæum. Um verður að ræða um 40 aðila, heimili og fyrirtæki. Fjarskiptafélagið mun hafa aðgang að 2 ljósleiðurum af 24 sem eru í streng sem RARIK á og liggur frá Reynivöllum í austri til Skaftafells í vestri. Fjarskiptafélagið mun sjá um að leggja rör fyrir heimtaugar ásamt því að blása ljósleiðara í gegnum rörin. Það mun því liggja fyrir grunnnet ljósleiðara.

Nánar munum við ræða eftirfarandi:

1. Öflun tengibúnaðar fyrir ljósleiðarann. Í því felst endabúnaður í húsum og tengibúnaður í tengibrunnum/kössum.
2. Sala á efni í gegnum strenginn, internet, sjónvarp og sími.

Tenging inn á RARIK strenginn yrði í gegnum tengipunkt ljósleiðara Mílu (NATO strenginn) við Freysnes í Örfæum.

Fjarskiptafélagi Örfæinga er skylt að auglýsa verkefnið en við Knútur viljum fá að ræða við Vodafone til að skýra verkefnið betur og ekki síst að velta fyrir sér kostnaði, þ.e.a.s. mánaðargjöld fyrir þjónustuna og verðlagning endabúnaðar.

Með bestu kveðju,

Ingólfur Bruun
s. 695-3413
i@05.is